

Byggðasafn Árnesinga


Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Ársskýrsla 2007



*Danakonungur Friðrik 8. ásamt ferðafélögum staddir á fyrirtaks virkjunarstæði í uppsveitum Árnessýslu í ágústbyrjun 1907.
Ljósmynd af sýningunni Konungskoman 1907. Ljósmynd Pétur Brynjólfsson / © Þjms.*

Forsíða	0
Efnisyfirlit	1
Formáli	2
Stofnskrár, samþykktir og áætlanir	2
Stjórn og héraðsnefnd	2
Starfsfólk	3
Opnunartími og gestafjöldi 2007	4
Húsnæðisaðstaða	5
Skráningarkerfi og staða skráningar	6
Safnkostur og aðföng 2007	6
Rannsóknir	7
Fornleifarannsóknir	7
Sýningar og önnur miðlun	9
Leikin heimildarmynd um Húsið	13
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	15
Rjórabúið á Baugsstöðum	16
Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar	18
Fundir, námskeið og ráðstefnur	18
Kynningarmál	19
Helstu tölur úr ársreikningi 2007	20
Annual Report 2007 (Abstract)	21
Stofnskrá og samkomulag um Húsið á Eyrarbakka	24



Formáli

Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka voru rekin með hefðbundum hætti árið 2007. Við söfnin var unnið að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun sem þeim ber að gera samkvæmt stofnskrá. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið. Sýningahald var með hefðbundum hætti en þrjár sérsýningar voru settar upp á árinu. Átak var gert í skráningu ljósmynda við Sjóminjasafnið. Áfram var haldið við fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir við safnið og fornleifadeildin hóf þátttöku í samevrópsku verkefni. Stærsta einstaka verkefni ársins var gerð leikinnar heimildarmyndar um Húsið á Eyrarbakka.

Stofnskrár, samþykktir og áætlanir

Byggðasafn Árnesinga starfar eftir stofnskrá samþykktri af eiganda safnsins Héraðsnefnd Árnesinga. Byggðasafn Árnesinga var opnað í júlí 1964 á Selfossi en flutti starfsemi sína á Eyrarbakka 1995.

Safnið starfar eftir öllum sjö atriðum sem nefnd eru í 10. grein Safnalaga nr. 2001/106 og eftir 3., 4. og 5. grein Þjóðminjalaga nr. 2001/107.

Safnið starfar eftir heildarstefnu er varðar söfnun, varðveislu og miðlun.

Safnið starfar eftir starfs- og rekstraráætlun sem samþykkt er af stjórn og héraðsnefnd fyrir hvert ár.

Stjórn safnsins starfar eftir erindisbréfi stjórnar og safnstjóri eftir starfslýsingu safnstjóra. Fundargerðir stjórnar öðlast gildi með staðfestingu héraðsráðs eða Héraðsnefndar Árnesinga.

Safnstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og rekur það í samræmi við rekstrar- og starfsáætlanir sem og ákvarðanir teknar á fundum stjórnar safnsins. Byggðasafn Árnesinga heldur úti grunnsýningu í Húsinu á Eyrarbakka og sér um viðhald þess samkvæmt samkomulagi þar um. Sveitarfélagið Árborg greiðir lóðagjöld og ber allan kostnað af lóð Hússins.

Í gildi er þjónustusamningur milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og Þuríðarbrúar á Stokkseyri. Í gildi er sérstök stofnskrá og söfnunarstefna fyrir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka. Byggðasafn Árnesinga er eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum.

Við safnið er náttúruminjasafn sem miðlað hefur verið til sýninga í skólum og við önnur sýningasetur í héraðinu, sem og á grunnsýningu safnsins.

Frá 2004 hefur verið unnið að fornleifarannsóknum við safnið, einkum fyrir sveitarfélög héraðsins. Er starfsemin sérstaklega aðgreind frá öðrum rekstri safnsins og stendur undir sér með útseldri vinnu og verkefnastyrkjum.



Húsið sjálft er aðal safngripur Byggðasafns Árnesinga. Þar gefur að finna þessa loftlúgu milli dætraherbergis á annari hæð og vinnumannaherbergis á hanabjálkalofti. Frá dætrunum fengu vinnumennirnir hita í gegnum þessa lúgu segir Ásgrímur vikaþilur Jónsson í bókinni Myndir og minningar.

Stjórn og héraðsnefnd

Stjórn Byggðasafns Árnesinga er tilnefnd til eins árs í senn af eiganda safnsins Héraðsnefnd Árnesinga.

Í stjórn sitja Eva Marín Hlynsdóttir, Hrafnkelsstöðum II, Hrunamannahreppi, stjórnarformaður, Guðmundur Þór Guðjónsson, Hveragerði, varaformaður, og Sigurður Steindórsson, Eyrarbakka, ritari. Stjórn safnsins er skipuð til árs í senn og starfar eftir erindisbréfi þar sem kveður á um hlutverk og skyldur stjórnarmanna.

Stjórnarfundir urðu fjórir á árinu. Auk þess átti safnstjóri töluverð samskipti við stjórnina milli funda með tölvubréfum og símtölum.

Safnstjóri sat jafnframt fundi með Héraðsnefnd Árnesinga, héraðsráði, sem og fjárhagsnefnd hennar.

Héraðsnefnd Árnesinga er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Héraðsnefndin er byggðasamlag sveitarfélaga í Árnessýslu sem stofnuð var í kjölfar slita á Sýslunefnd Árnessýslu árið 1990. Sveitarfélögin sem nú standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru:

Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni

Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur þriggja safna á héraðsvísu og þátttaka í rekstri hins fjórða. Héraðsnefnd Árnesinga heldur einn aðalfund á hverju ári þar sem lagðar eru fram til samþykktar ársskýrslur og ársreikningar liðins árs, fundargerðir stjórna safna og héraðsráðs á liðandi ári til staðfestingar, sem og áætlanir næsta árs. Héraðsnefndin velur sér þriggja manna yfirstjórn, héraðsráð, sem fundar eftir þörfum. Á fundi Héraðsnefndar í október var samþykkt *að framkvæma úttekt á fyrirkomulagi safnamála í Árnessýslu og endurskoða jafnframt aðkomu héraðsnefndar að málaflóknum til framtíðar.*



Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, safnstjóri í 100% stöðu, hóf störf við safnið 1. júní 1992. Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á daglegum rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks.

Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur BA, hóf störf í sumarbyrjun 2000 og vann þá við safngæslu í Húsinu og síðar í almennum störfum. Í hlutastöðu 2000 til 2005 en 100% stöðu frá ársbyrjun 2006. Frá vorinu 2004 hefur Margrét starfað að fornleifarannsóknum við safnið.

Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur BA, kom til starfa í 60% stöðu þann 1. maí til að vinna að fornleifaskráningu Árborgar og UHH-verkefni.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu í Húsinu yfir sumartímann.

Agnes Karlsdóttir vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu.

Hörður Jóhannsson vann í hlutastarfi við safngæslu í Sjóminjasafninu og í afleysingum í Húsinu.

Andri Erlingsson sagnfræðinemi vann í gæslu í Húsinu yfir sumartímann.

Ræstitæknar eru Sigurrós María Guðmundsdóttir og Agnes Karlsdóttir.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Hildur Hákonardóttir hefur aðstoðað við uppsetningu sýninga safnsins í fjölmörg ár. Á árinu aðstoðaði hún við uppsetningu sumarsýningar og jólasýningar í borðstofu.

Á árinu nutu söfnin starfskrafta háskólanema og sjálfboðaliða. Helene Dupont starfaði að ljósmyndaskráningu og uppsetningu sýningar í mars og apríl í tengslum við nám sitt í safnafræðum við Háskóla Íslands. Í lok ágúst starfaði Elín Hansen frá Minneapolis í Minnesota við gæslu og ljósmyndarannsóknir við safnið. Er Elín komin út af Hans Baagøe Thorgrímson sem fæddur var í Húsinu 1853.

Byggðasafn Árnesinga nýtti ekki heimild Héraðsnefndar Árnesinga frá árinu 2006 til að ráða frá og með 1. maí 2007 starfsmann til að sinna faglegu starfi með safnstjóra. Orsakir þess voru margvíslegar. Hinsvegar naut safnstjóri aðstoðar annarra ofantalinna starfsmanna þegar mikið lá við. Staðan verður auglýst vorið 2008.



Elín Hansen í stofu forfeðra sinna í ágústlok 2007.

Opnunartími og gestafjöldi

Opnunartími Byggðasafns Árnesinga í Húsinu og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með eftirfarandi hætti árið 2007:

Júní, júlí og ágúst alla daga vikunnar kl. 11-18 og eftir samkomulagi.

Apríl, maí, september og október var opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14-17 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Einnig var opið á skírdegi, föstudaginn langa, annan í páskum og annan sunnudag á aðventu kl. 14-17.

Jafnframt var opnað fyrir fjölmörgum skólum og hópum á öðrum tímum.

Fylgst er með gestatíðni og sömuleiðis eftirspurn utan auglýsts opnunartíma. Með tilliti til þeirra rannsókna má vænta breytinga á opnunartíma safnanna árið 2008.



Bíll við bíl, og mikill mannfjöldi saman komin á Eyrarbakka þegar Vorskipp Friðriks Erlingssonar sigldi í höfn.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2007 varð 5.250, þar af 705 erlendir og 878 í skólahópum. Er það eilítið aukin aðsókn miðað við síðustu ár en minni aðsókn en var á upphafsárunum, 6.850 gestir komu á safnið árið 1997 og árið 1987 voru gestir í Byggða- og listasafn Árnesinga á Selfossi 2.070 talsins.

Mjög góð aðsókn var að menningarhátíðinni Vorskipið kemur og sömuleiðis sóttu margir söfnin á Jónsmessuhátíðinni á Eyrarbakka. Mikil aukning varð milli ára í komu skólahópa. Enn sem fyrr opnar safnstjóri safnið utan auglýsts opnunartíma fyrir hóp, stóra sem smáa. Um 75% þeirra sem koma í Húsið skoða einnig Sjóminjasafnið.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu um 350 manns í gestabók. Mun fleiri komu og skrifuðu ekki.



Útihúsin norðaustan við Húsið bíða viðgerða.

Húsnæði

Sýningaraðstaða. Byggðasafns Árnesinga er sem áður í hinna merku 18. aldar byggingu, Húsinu á Eyrarbakka, sem er 239 fm að gólfleti. Til hliðar við Húsið er Assistentahúsið ásamt millibyggingu, alls 90 fm rými. Norðan Assistentahússins er lítil rauðleit einnar hæðar bygging, Eggjaskúrin, 31 fermetri að stærð.

Sýningarrými Sjóminjasafnsins er um 150 fm að gólfleti.

Sýningarými safnanna er því nú alls 510 fm.

Ótalin eru útihús Hússins, þ.e. hjallur, kolageymsla, fjós, alls 95 fm að grunnfleti og hlöðuveggir sem enn bíða stofnviðgerða að hálfu húsasafns Þjóðminjasafns Íslands samkvæmt samningi frá 1992 þar um. Á árinu bauðst safninu styrkur frá einstaklingi með tengsl í Húsið til viðgerða á útihúsunum og er gert ráð fyrir mótframlögum jöfnum á móti frá húsasafninu og Byggðasafni Árnesinga. Er gert ráð fyrir að viðgerðir fari fram árið 2008. Til Sjóminjasafnsins heyrir að auki Beitningaskúrin sem er 50 fm að stærð. Hann á sinn uppruna að rekja til upphafs vélbátaútgerðar á Eyrarbakka og þegar fjármagn fæst verður skúrnum fengið sýningarhlutverk í tengslum við þá sögu.

Þegar viðgerðum og uppsetningu útihúsa og Beitningaskúrs lýkur verður sýningarými safnanna á Eyrarbakka um 650 fm.

Á skipulagi er til viðbótar gert ráð fyrir möguleika á upb. 150 fm viðbyggingu við Sjóminjasafnið.

Innri aðstaða safnanna. Sú aðstaða safna sem ekki er sýnileg gestum er af safnafólki venjulega nefnd „innri aðstaða“. Innri aðstöðu má nefna rými eins og geymslur, verkstæði og skrifstofur. Innri aðstaða safnanna á Eyrarbakka er á tveimur stöðum, í Þjónustuhúsi að Hafnarbrú 3 og Mundakotsskemmu. Þjónustuhús safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka hýsir aðalgeymslur safnsins og þar er jafnframt aðstaða til skráningar, forvörslu og viðgerða á smærri gripum safnsins. Skrifstofa safnstjóra og öll aðstaða til rannsókna er jafnframt í Þjónustuhúsinu þar sem tiltæk eru helstu handbækur og fræðirit. Öryggiskerfi er í húsinu beintengt við vaktþjónustu.

Mundakotsskemman er aðstaða sem Sjóminjasafnið á Eyrarbakka eignaðist um 1990. Þar eru varðveittir stærri gripir safnanna. Viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum eignasviðs Sveitarfélagsins Árborgar.

Viðgerðir og viðhald 2007. Í byrjun ársins var lokið við að setja UV-filmur á glugga Assistentahússins og Eggjaskúrsins. Borið var á slitfleti Assistentahússins utanhúss. Öðrum utanhússverkefnum frestað um ár enda ekki komin á „eindaga“. Raflagnir að útiljósum voru lagfærðar í árslok. Þjónustuhús Byggðasafns Árnesinga er þvínæst viðhaldsfrítt en þó var skipt um útiljós í aðalinngangi í lok ársins.

Ný útidyrasmæði var sett í gætt Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka snemma ársins og lokið við að setja upp og fínstilla þar hitakerfi.



Beitningaskúrin með hinni allsérstæðu klæðningu.

Skráningarkerfi og staða skráningar

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðar í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps ehf sem flest minjasöfn landsins standa að. Jafnframt eru allar skráðar fornleifar færðar í gagnagrunninn Sarp. Beðið er nánari þróunar gagnagrunnsins þannig að hann verði aðgengilegri og einfaldari fyrir þá sem skrá og aðra sem nýta sér hann. Jafnframt er stefnt að sérstakri „gátt“ fyrir almenning.

Safnkostur og aðföng 2007

Skráðir voru 15 nýir safnmunir við söfnin á árinu 2007 og 134 ljósmyndir voru skráðar, auk upb. 90 ljósmynda sem voru gerðar tilbúnar til skráningar í Sarp. Sarpur er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og nýttur af flestum minjasöfnum landsins.

Í árslok 2007 voru í munaskrá Sarps 5278 safnmunir frá Byggðasafni Árnesinga og Sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Töluvert barst af gripum á árinu sem í árslok bíða skráningar. Óskráðir munir skv. aðfangaskrá eru upb. 80 talsins.

Í árslok 2007 voru í myndaskrá Sarps 5406 ljósmyndir frá Sjóminjasafninu á Eyrarbakka og Byggðasafni Árnesinga. Óskráðar eru ljósmyndir sem bárust á árinu og nokkrar ljósmyndagjafir fyrri ára.

Í fornleifaskrá Sarps voru komnar 890 minjar skráðar hjá Byggðasafni Árnesinga. Töluverður fjöldi minja bíður innfærslu í Sarp.

Safnað er eftir virkri söfnunarstefnu. Á árinu hófst endurskoðun hennar í samræmi við stofnskrá safnsins.

Meðal merkra gripa sem bárust safninu má nefna:

Vegaskilti um Ólafsvallaveg og Vorsabæjaveg á Skeiðum, gefandi Jón Eiríksson í Vorsabæ.

Barnavagn úr fórum Harðar Jóhannssonar og Agnesar Karlsdóttur á Eyrarbakka.

Tundurdufl sem rak á fjörur undan Eyrarbakka á stríðsárunum síðari en var áratugum saman oliútankur í Mörk. Gefandi til Sjóminjasafnsins Friðrik Erlingsson.

Munir frá Einkofa, gefandi Þorleifur Friðriksson. Þeir tengjast húshaldi og landbúnaði.

Munir frá Hliði og Sjónarhól á Eyrarbakka, afhent af Magnúsi Karel Hannessyni.


Munir frá verslun Guðlaugs Pálssonar, m.a. hans síðasta færslubók sem endar 8. desember 1993.

Kornausa úr Vesturbúðinni, gefandi Bjarnfinnur Hjaltason.

Frá Filmverki á Selfossi komu stórar og plássfrekar framköllunarvélar.

Anna Steele hélt áfram að gefa muni úr fórum ömmu sinnar Önnu Eyjólfsdóttur frá Ingólfi á Eyrarbakka.

Aðrir gefendur: Páll Lýðsson í Litlu-Sandvík, Gísli Kristjánsson smiður á Eyrarbakka, Steingrímur Jónsson í Sjónarhól á Stokkseyri, Guðríður Karlsdóttir frá Ingólfi á Selfossi, Helgi Ívarsson frá Hólum, Jón Karlsson, Óðinn Andersen, Hróbjartur Eyjólfsson á Selfossi, Vigfús Markússon,



Móheiður Helgadóttir á Selfossi, Ragnar Geir Brynjólfsson, Atli Freyr Guðmundsson, Akri á Eyrarbakka, Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson og Eva Marín Hlynisdóttir.

Í geymslum safnsins er góð aðstaða til varðveislu safnmuna. Þar er hita- og rakastig stöðugt og gluggar allir bygðir sólarljósi. Síritamælar eru á tveimur stöðum í húsakynnum safnanna og mælt viku í senn á mismunandi stöðum. Í öllum húsunum, að undanskilinni Mundakotsskemmu, Beitningaskúrnum og útihúsunum, eru öryggiskerfi og í Húsinu og Assistentahúsinu vatnsúðunarkerfi að auki.

Rannsóknir

Rannsóknir sem safnið stendur fyrir eru fyrst og fremst á safnkosti þess, safnmunum og ljósmyndum auk rannsókna á umhverfi því sem tengist safnkosti. Frá 2004 hafa jafnframt verið stundaðar fornleifarannsóknir við safnið og er um þær fjallað í sérstökum kafla. Rannsóknir sem stundaðar eru við Byggðasafn Árnesinga eru margvíslegar og hefur um þær verið fjallað í undanförunum ársskýrslum. Rannsóknir eru gerðar á safnkosti, ýmist við nýskráningu eða ítarannsóknir síðar. Frá 1992 hefur Húsið á Eyrarbakka verið eitt helsta rannsóknarefni safnsins og síðustu ár hefur saga safnanna sjálfra verið rannsóknarefni. Með reglulegu millibili fær safnið fyrirspurnir frá fræðimönnum og almenningi er varðar safnkost, sögu Hússins eða sögu Eyrarbakka og er reynt eftir frekasta megni að leysa úr öllum fyrirspurnum eða beina þeim til fróðari aðila.

Safnstjóri birti eftir sig greinar byggðar á rannsóknnum í *Sunnlenska fréttablaðinu* og tímaritinu *Rit og rækt*. Einnig flutti safnstjóri tvívegis erindi um þróun skipulags á Eyrarbakka fyrir háskólanemendur í landlagsarkitektúr bæði frá Hvanneyri og frá Lundúnum. Utan vinnutíma endursamdi safnstjóri erindi um Verslunarsögu Árnesinga og flutti á átthaganámskeiði Flóans í október.

Í maí og júní fór talsverður tími safnstjóra til greiningar og úrvinnslu ljósmynda sem prýða heimildarmyndina um Húsið á Eyrarbakka. Á árinu var haldið áfram lagfæringum á húsaskrá Húsakönnunar á Stokkseyri. Brýn nauðsyn er á að fara að ljúka verkefninu sem hófst með mikilli frumrannsóknarvinnu og útgáfu heftis með fyrstu niðurstöðum. Fyrir liggur samþykkt Sveitarfélagsins Árborgar um að ljúka skuli verkefninu. Að öðru leyti fór tími sá sem safnstjóri hafði til rannsókna í að afla þekkingar um safnkost safnanna og skrásetja með fullnægjandi hætti.

Fornleifadeild

Frá 2004 hefur verið starfað að fornleifaskráningu og fornleifarannsóknum við Byggðasafn Árnesinga. Engar formlegar samþykktir hafa verið gerðar um tilvist fornleifadeildar Byggðasafns Árnesinga en um þennan nýja lið í



Grammofónn í garði Hússins á Eyrarbakka árið 1905 og þótti undur mikil. Húsin í baksýn eru Garðhúsabæirnir Pálsbær, Frímannshús og Jónasarkús auk hlöðu Hússins. Ljósmyndin er ótvíræð heimild um aldargamla fatatísku, nýjustu tækni, nýjar stefnur í skrudgarðrækt og um upprunalegt útlit nýbyggðra húsa. (Agnes Lunn).

starfsemi safnsins hefur reglulega verið fjallað á fundum stjórnar safnsins og Héraðsnefndar Árnesinga. Tilurð þessarar starfsemi má rekja til eftirspurnar eftir þessari þjónustu ekki síst í kjölfar Þjóðminjalaga 2001/107 þar sem segir í 11.gr.: *Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.* Á fyrsta fundi stjórnar Byggðasafns Árnesinga á árinu var samþykkt að stofna fornleifadeild um þessa starfsemi. Sú samþykkt hefur ekki enn hlotið staðfestingu Héraðsnefndar Árnesinga.

Á árinu 2007 starfaði við deildina allt árið Margrét Hallmundsdóttir fornleifafræðingur sem umsjón hefur með verkefnum deildarinnar. Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur kom til starfa í 60% stöðu 1. maí. Aðalverkefni fornleifadeildar Byggðasafns Árnesinga árið 2007 voru sem fyrr aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Árborg. Ýmis önnur verkefni komu á borð starfsmanna og í nokkur skipti fengu starfsmenn launalaus leyfi til að vinna að verkefnum fyrir þriðja aðila og voru það einkum verkefni sem ekki rúmast innan starfssviðs safnsins. Meðal slíkra verkefna má nefna fornleifarannsóknir á Hrísrú í Mosfellsdal, fornleifauppgröf við Nesstofu og deiliskráningu fornleifa á Vestfjörðum. Fornleifafræðingar safnsins hafa þannig aflað sér víðtækrar þekkingar og reynslu á sviði fornleifarannsókna. Starfsmenn deildarinnar tóku jafnframt þátt í ráðstefnum og námskeiðum í tengslum fag sitt og starfssvið.

Í samstarfi við Landgræðslu ríkisins var fullkomið GPS staðsetningatæki keypt fyrir tilstuðlan tækjasjóðs RANNÍS. Hefur tækið reynst mjög vel og hægt að mæla minjar með mikilli nákvæmni og færa staðsetningapunkta beint inn á loftmyndir. Áður en tækið kom þurfti að kaupa þessa þjónustu frá verkfræðistofum. Eftirtalin verkefni voru unnin af fornleifadeild árið 2007:

Fornleifaskráning í Árborg. Vinna hófst að gerð áfangaskýrslna vegna þeirra jarða sveitarfélagsins sem búið er að skrá að fullu. Vinnur Margrét Hallmundsdóttir að útgáfunni sem vænta má að ljúki snemma árs 2008. Margrét vann einnig að skráningu jarðarinnar Háeyrar á Eyrarbakka. Guðlaug Vilbogadóttir einbeitti sér að skráningu jarðarinnar Skúmsstaða á Eyrarbakka. Er skráningu og úrvinnslu gagna nær lokið í árslok.

Fornleifarannsókn við Kot á Rangárvöllum. Á árinu vann nemandi í jarðfræði rannsókn á jarðlögum og árfarvegi við rústirnar í Koti og fengust þar áhugaverðar niðurstöður. Nýr samstarfsaðili er kominn að verkefninu, Andy Dugmore frá Edinborgarháskóla í Skotlandi. Stefnt er að áframhaldandi rannsóknum árið 2008.

Könnun á kjallara Eggjaskúrsins. Að beiðni safnstjóra kannaði Margrét Hallmundsdóttir jarðlög og steinhleðslur í kjallara Eggjaskúrsins í lok ársins. Niðurstaða þessarar athugunar að ekki er mannvistarleifar að finna fyrir neðan tígulsteinslagt kjallaragólfíð en timburleifar við vegg benda til að þar



Fornleifar í Árborg. Allar mannvistarleifar 100 ára og eldri hverju nafni sem þær nefnast teljast til fornleifa samkvæmt lögum. (MHH)

hafi áður staðið hillur. Kjallari Eggjaskúrsins því sennilega verið geymsla af einhverju tagi, matargeymsla ef ekki vinkjallari.

Deiliskipulagsverkefni. Byggðasafn Árnesinga tók að sér tilfallandi

fornleifakannanir fyrir framkvæmdaaðila. Á árinu 2007 voru níu

rannsóknarskýrslur gefnar út í tengslum við deiliskipulagsgerð:

2007/1: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hólaborgar í Árborg, fyrir IB-fasteignir ehf.

2007/2: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Kaðlastaða í Árborg, fyrir Sveitarfélagið Árborg.

2007/3: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Vestri Rauðarhóls í Árborg, fyrir Sveitarfélagið Árborg.

2007/4: Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits í landi Stóru-Reykja og Lauga í Flóahreppi, fyrir eiganda reits, Sævar Kristjánsson.

2007/5: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Hafliðakots í Árborg, fyrir Sveitarfélagið Árborg.

2007/6: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dvergasteina í Árborg, fyrir Sveitarfélagið Árborg.

2007/7: Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ferjuhafnar í Bakkafjöru, fyrir VSÓ-ráðgjöf ehf.

2007/8: Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegna námu á Hamragarðaheiði, fyrir VSÓ-ráðgjöf ehf.

2007/9: Viðbætur vegna breytinga á veglínu vegna ferjuhafnar í Bakkafjöru, fyrir VSÓ-ráðgjöf ehf.

Í þrjú skipti til viðbótar kannaði fornleifadeildin afmarkaða reiti sem reyndust án fornleifa og því ekki gefnar út formlegar skýrslur. Kannanir þessar voru gerðar fyrir Hrunamannahrepp, Vegagerð ríkisins og Sveitarfélagið Árborg.



Guðlaug Vilbogaðóttir skráir á vettvangi og forvitið nautið fylgist vel með.(MHH)

Unlocking hidden heritage. Í árbyrjun 2006 sótti Margrét Hallmundsdóttir fyrir hönd safnsins um styrk í Leonardo-verkefnasjóð Evrópusambandsins í samstarfi við fimm aðrar evrópskar rannsóknarstofnanir og söfn. Í lok ársins 2006 var styrkumsóknin samþykkt í Brüssel. Verkefnið ber heitið „Unlocking hidden heritage“, og miðar að því að efla menningu og möguleika í litlum samfélögum. Margrét Hallmundsdóttir hefur umsjón með verkefninu fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga og Guðlaug Vilbogaðóttir sér um fjárreiður þess. Í byrjun ársins hófst verkefnið og fóru Margrét og Guðlaug á tvo vinnufundi með þátttakendunum frá stofnunum í Englandi, Þýskalandi, Írlandi, Slóvakíu og Kýpur. Með verkefninu er leitast við að opna ný tækifæri innan fornleifafræðinnar og þjóðfræði í hverju þáttökulandi fyrir sig og miðla þekkingu og reynslu landa á milli. Hvert land velur „workshop“ eða vinnusmiðju fyrir sig. Á Kýpur var rannsókn á körfugerð og í Englandi fornleifaskráning á fornu rómversku virki. Margrét og Guðlaug fóru í vinnusmiðju á Englandi en vinnusmiðjan á Íslandi verður haldin haustið 2008 þar sem reist verður torfhús eftir gömlum íslenskum aðferðum í samstarfi við marga aðila.

Sýningar, önnur miðlun og helstu viðburðir

Miðlun á safnkosti er stór þáttur í starfsemi Byggðasafns Árnesinga. Sem áður var Húsið og sýningar þar ásamt Sjóminjasafninu miðdepill miðlunar á árinu. Langstærstur hluti sýningarýmis er helgaður vönduðum grunnsýningum sem breytast lítið milli ára og eru etv. yfirfarnar á fimm til tíu ára fresti.

Aðgengi fatlaðra að Húsinu á Eyrarbakka var bætt á árinu. Inngöngupallur var hækkaður lítillega við aðaldyr og keypt færanleg skábraut fyrir hjólastóla vegna Eggjaskúrsins. Undirbúningur var hafinn að gerð blindraspjalds og sömuleiðis lögð drög að kaupum á klifurtæki fyrir fatlaða upp stiga. Ekki er útséð um að klifurtæki þetta henti fyrir aðstæður í Húsinu og verður því væntanlega mætt með myndrænum hætti. Safnasjóður styrkti þetta átak.

Stefnt er að áframhaldandi vinnu við að endurskoða grunnsýningu safnsins í bláu-stofu Hússins þar sem saga þessarar öldnu byggingar er í öndvegi. Gerð varanlegrar grunnsýningar í Eggjaskúrnum hefur tafist vegna fjárskorts en leitað er leiða til að fjármagna smíði vandaðra sýningaskápa.

Í borðstofu Hússins á Eyrarbakka eru sérsýningar safnsins. Þar hefur verið fjölbreytt sýningahald frá upphafi veru starfsemi Byggðasafns Árnesinga þar. Ýmist er um að ræða sýningar á munum og ljósmyndum úr safneign eða á aðfengnum, bæði úr einkaeigu og frá öðrum söfnum. Borðstofan hefur einnig komið að góðum notum fyrir fyrirlestra- og veisluhald. Stásstofan hefur einnig verið nýtt til ýmissa viðburða, einkum tónlistarflutnings.

Vesturbúðin. Haustið 2006 var ljósmyndasýningin *Vesturbúðin* sett upp í borðstofu Hússins. Á sýningunni voru ljósmyndir af Vesturbúðinni frá ýmsum sjónarhornum. „Það er líklegt, að hvergi hafi verzlunarhús hér á landi verið betri né meiri en á Eyrarbakka,“ segir Jón J. Aðils um Vesturbúðina á Eyrarbakka í riti sínu um verslun Dana á Íslandi, en nú er þar aðeins grasflötin ein. Sýningin var sett upp í tengslum við málstofu um Vesturbúðina sem haldin var í Samkomuhúsinu Stað í mars. Sýningin stóð til aprílloka.

Skólasýningar. Á þorra var sett upp sýning í borðstofu fyrir skólahópa þar sem kynntir voru margvíslegir gripir sem tengjast matargerð fyrr á tímum. Sýningin var vel sótt af leikskólahópum.

Um vorið vann safnstjóri myndasýningu um Húsið og umhverfi þess fyrir grunnskólanemendur Árborgar. Jafnframt voru gerð verkefni fyrir skólahópa. Nýttu ýmsir skólahópar Árborgar sér þessa sýningu frá og með aprílbyrjun og fram til ársloka. Vegna þessa var fjárfest í stórum skjá og myndspilara. Verkefnið var styrkt af Menningarsjóði barna í Árborg.

Um kvenfólk og brennivín. Fyrirlestur var í Húsinu á Eyrarbakka fimmtudagskvöldið 29. mars. Erlingur Brynjólfsson sagnfræðingur flutti fyrirlestur er nefnist *Um kvenfólk og brennivín*. Ekki var fjallað um drykkjusögur eða leit að drykkfelldum konum aftur í tímann, heldur um vöruna sjálfa, viðhorf til hennar og hvernig hún endurspeglar átök í samfélaginu, átök milli kynjanna, áhrif áfengis á kynhlutverk og samskipti kynjanna í ljósi sögunnar. Einnig fjallað um áhrif bindindishreyfinga á líf kvenna um aldamótin 1900 og breytingar á réttindum kvenna í tengslum við áfengisnotkun, hvers vegna sérstakt kvennavín var bruggað á Eyrarbakka fyrr á tíð, hvernig konur notuðu vín og sitthvað fleira.



Meðfylgjandi ljósmynd sýnir „Bláa bóluglasið“ fornan vínþela sem fjallað var um í fyrirlestrinum. Skúli Helgason safnvörður og fræðimaður fann þennan þela í tóft sæluhúss við Húsmúla skammt frá Draugatjörn og hefur innihaldið eflaust „yljað köldu brjósti hrakins ferðalangs“ sem þarna hafði eitt sinn gist. Fyrrum voru ungir piltar oft sendir með „bláa bóluglasið“ á mannfagnaði til að eiga auðveldara að brjóta ísinn í viðræðum við hitt kynið.



Karl Ágúst Andrússon í fræðslumyndinni *Leiðin til Gimli*.

Leiðin til Gimli. Þriðjudaginn 3. apríl, var fræðslumyndin *Leiðin til Gimli* eftir Svein M. Sveinsson kvikmyndagerðarmann frumsýnd í Húsinu á Eyrarbakka. Í myndinni er rakin póstferð fjögurra hestamanna og aðstoðarmanna þeirra frá Eyrarbakka til Gimli í Kanada sumarið 2005. Póstferðin var farin til að minnast 130 ára búsetu Íslendinga í Gimli. Eyrbekkingar voru meðal þeirra Íslendinga sem fyrst settust að í Vesturheimi. Þeir fóru í fyrstu tveimur ferðunum frá Íslandi til fyrirheitna landsins á árunum 1870 og 1872 og settust að á Washington-eyju í Michiganvatni í Bandaríkjunum. Upphafsmenn ferðarinnar nú voru þeir Karl Ágúst Andrússon í Steinskoti og Kanadamaðurinn Decklan O'Driscoll og fengu þeir í lið með sér reiðmennina Elínu Ósk Þórisdóttur á Eyrarbakka, Friðþjóf Ragnar Friðþjófsen og Val Gíslason og leika þau stórt hlutverk í myndinni ásamt mörgum aðstoðarmönnum og stórum hópi Vestur-Íslendinga sem tóku á móti hópnum vestanhafs. Viðstaddir frumsýningu myndarinnar *Leiðin til Gimli* voru ýmsir aðstandendur hennar.

Ljósmyndir úr fórum Arons í Kauphöllinni og Þórlaugar ljósmóður. Um páskana var opnuð í forstofu Sjóminjasafnsins ljósmyndasýning á ljósmyndum sem áður voru eign Ásrúnar og Aronar í Kauphöllinni og Þórlaugar Bjarnadóttur ljósmóður í Suðurgötu. Sjá nánar í kaflanum um Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Menningarsamningur SASS og ríkisins.

Þriðjudaginn 2. maí var í Húsinu á Eyrarbakka undirritaður Menningarsamningur á Suðurlandi við ríkið. Við undirritun samningsins var fjöldi manns saman kominn í Húsinu, ráðherrar, alþingismenn, sveitarstjórnarmenn, fjölmiðlar. Að loknu stuttu ávarpi safnstjóra fluttu Hlín Pétursdóttir söngkona og Ester Ólafsdóttir píanóleikari lög eftir Sigfús Einarsson og Pál Ísólfsen. Þá var gengið til undirskriftar í borðstofunni og að því loknu bauð SASS upp á léttar veitingar. Nefndu ýmsir hversu vel væri við hæfi að hafa Húsið sem vettvang til undirskriftar Menningarsamningsins. Byggðasafn Árnesinga naut þessa samnings síðar á árinu þegar Menningarráð Suðurlands úthlutaði safninu 500.000 styrk til gerðar heimildarmyndar um Húsið.



Skrifað undir menningarsamning. Á veggjum ljósmyndir af Vesturbúðinni. (BIB)

Vorskiptið kemur! Byggðasafn Árnesinga tók þátt í menningarhátíðinni Vorskiptið kemur sem haldin var að frumkvæði Friðriks Erlingssonar

rithöfundar. Opnaðar voru sýningar, flutt leikrit, auk þess sem glímt var í garðinum.

Sumarsýning í borðstofu: Konungskoman 1907.

Föstudaginn 18. maí var í borðstofu Hússins á Eyrarbakka opnuð sýningin *Konungskoman 1907*. Var þar í ljósmyndum og munum greint frá ferð Danakonungs Friðriks 8. um Suðurland í ágúst 1907. Það að ferðast með hina konunglegu hátign um Suðurland var mikið fyrirtæki enda voru í fylgdarliði konungs 200 manns, þar af fjölmargir danskir ráðherrar, embættismenn og þingmenn, auk blaðamanna. Í fararbroddi Íslendinga var Hannes Hafstein ráðherra. Í engu var sparað. Útvegaðir voru hestar úr átta sýslum, keyptir nýir hátíðarbúningar á sýslumenn, gert var við vegi og reiðgötur og nýir vegir lagðir, m.a. Kónigsvegurinn um uppsveitir Árnassýslu. Ársprænur voru brúaðar og hús byggð. Á gististöðum þurfti að vera til staðar tilheyrandi aðbúnaður hæfandi konungi, svo sem víðeigandi hreinlætisáhöld. Þegar hersingin kom að Ölfusárbrú buðu Eyrbekkingar upp á kaffi og smurbæð og Peter Nielsen faktor ávarpaði konung. Eugenia Nielsen, frúin í Húsinu, skipulagði móttöku við Ölfusárbrú. Á sýningunni voru ljósmyndir eftir Pétur Brynjólfsson og fleiri ljósmyndara sem Þjóðminjasafn Íslands varðveitir og lánaði til sýningarinnar. Byggðasafn Árnesinga varðveitir nokkra muni er tengjast konungskomunni 1907. Merkustu munir safnsins því tengdir eru þvottastell frá prestsetrinu Arnarbæli í Ölfusi þar á meðal forláta náttpottur úr leir sem hátignin notaði í stofu séra Ólafs Magnússonar. Sýningin stóð til loka október.

Glímukeppni í garðinum. Laugardaginn 19. maí var á vegum Vorskipsins boðið upp á glímu. Flokkur frá Kjartani Lárussyni glímdi og bauð viðstöddum að læra nokkur brögð. Það þáðu gjarnan félagar úr Leikfélagi Selfoss sem þarna voru staddir í 19. aldar búningum.

Bónorðið – leiksyning. Leikfélag Selfoss sýndi hinn bráðfjöruga einþáttung Bónorðið eftir Anton Chekov í stásstofu Hússins á Eyrarbakka sunnudaginn 20. maí. Segja má að stásstofan og Húsið allt henti vel til flutnings leikrita Chekovs. Nokkrum vikum síðar flutti leikfélagið einþáttunginn á leiklistarhátíð í Litháen.

Jónsmessan. Á hinni árlegu staðarhátíð Eyrbekkinga, Jónsmessuhátíðinni, voru fjölmörg dagskráratriði. Í



Vorskipsmyndir: Glíma, Leikfélag Selfoss í 19. aldar fötum og Bónorðið í stásstofu, þau Stefán Ólafsson, F. Elliði Hafliðason og Sigrún Sighvatsdóttir frá Leikfélagi Selfoss. Vorskipsstjórinn Friðrik Erlingsson fylgist með.



Þjóðdansafélag Reykjavíkur stígur dans á Jónsmessu.

Húsinu var boðið upp á kaffiveitingar og gengu um beina konur í peysufötum. Félagar úr Þjóðdansasfélagi Reykjavíkur stigu dans í garðinum fyrir framan Húsið. Um kvöldið fylltist stásstofan af söngglöðu fólki sem söng úr fjárlögunum undir leik Heimis Guðmundssonar fyrrum íbúa á Garði, áður en gengið var til Jónsmessubrennu við Eyrarbakka Höfn.

Íslenski safnadagurinn. Sú hefð hefur skapast að bjóða upp á þjóðlega tónlistardagskrá í stásstofu Hússins á Eyrarbakka á Íslenska safnadaginn sem ber árlega upp á annan sunnudaginn í júlí. Ekki var brugðið út af þeim góða vana í ár og sat Guðmundur Eiríksson frá Selfossi við píanóið. Konur frá Ullarverkstæðinu í Þingborg spunnu og þæfðu ull. Auk þessarar dagskrár bauð Sjóminjasafnið upp á söngugöngu um þorpið undir öruggri leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar.



Stofumenning á safnadegi.

Fræðslufundur Sögufélags Árnesinga í samstarfi við Byggðasafn Árnesinga var haldinn í Húsinu á Eyrarbakka miðvikudagskvöldið 7. nóvember. Dr. Bjarki Sveinbjörnsson tónlistarfræðingur flutti erindi um komu orgelharmonía í kirkjur Árnesprófastsdæmis og áhrif þeirra á tónlistarlíf. Forsöngvarastaðan hafði víða verið virðingarembætti og segja sögur að því hafi jafnvel fylgt hlunnindi, væri forsöngvari góður. En þegar orgelharmoníum fóru að koma í kirkjur á síðasta fjórðungi nítjándu aldar lagðist staða forsöngvarans að mestu niður. Og ekki aðeins það, heldur lagðist af mikið af þeirri tónlist sem þeir höfðu leitt í kirkjum mann fram af manni. Bjarki fjallaði stuttlega um sögu harmonía og sagði frá skráningu forsöngvara, orgela, organista og kóra í íslenskum kirkjum.

Jólasýning. Jólasýning var sett upp í safninu með hefðbundnu sniði og með gamla spýtujólatrénu í Hruna og síðar Oddgeirshólum í öndvegi. Í ein 17 ár hafa strengjabrúður gerðar af Hildi Hákonardóttur og Elísabetu H. Harðardóttur af hirðmönnum, vitringum, varðmönnum, Maríu, Jósefi og Jésúbarninu legið vel varðveittar í hirslum safnsins. Þær voru dregnar upp, rykið dustað af og settar upp til sýningar í kirkjudeild safnsins. Jólasýningin var fjölsótt að venju.

Húslestur á aðventu. Friðrik Erlingsson rithöfundur í Mörk, hafði umsjón með „húslestri“ í borðstofu Hússins annan sunnudag í aðventu. Rithöfundarnir Ágúst Borgþór Sverrisson, Jón Kalman Stefánsson, Einar Már Guðmundsson og Edda Andréadóttir lásu úr nýutkomnum bókum sínum.



Brúður gerðar af listakonunum Elísabetu H. Harðardóttur og Auði Hildi Hákonardóttur.

Heimildarmynd um Húsið á Eyrarbakka

Stærsta verkefni ársins var gerð leikinnar heimildarmyndar um Húsið á Eyrarbakka. Í ársskýrslu 2006 er getið 600 þúsund kr. styrks Menningarsjóðs barna í Árborg sem Sveitarfélagið Árborg stendur að - til gerðar skólaefnis og til að taka á móti skólahópum grunnskóla Árborgar. Í ársbyrjun hófst undirbúningur að gerð 10 mínútna myndbands með kynningu á Húsinu fyrir grunnskólastigið fyrir tilstuðlan styrksins og jafnframt leitað aukins fjármagns. En um miðjan apríl breyttust forsendur. Þá fékk safnstjóri símhringingu frá Benedikti Kristjánssyni formanni Kaupmannasamtaka Íslands. Erindið var að bjóða Byggðasafni Árnesinga styrk á sviði varðveislu og kynningar á verslunarminjum. Varð það að samkomulagi að Kaupmannasamtök Íslands legðu 2.000.000 kr. til gerðar leikinnar heimildarmyndar um Húsið á Eyrarbakka. Áætlanir um stutt myndband voru því endurskoðaðar og í samráði við stjórn safnsins var Andrés Indriðason, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, fenginn til að stýra gerð leikinnar heimildarmyndar. Í greinargerð Andrésar þar sem drög voru lögð að heimildarmyndinni segir:

Safnið býr svo vel að eiga mikið af einstæðum ljósmyndum sem voru teknar um aldamótin 1900, bæði fyrir og eftir, en þær bregða ljósi á Húsið, fólkið sem í því bjó og aðra sem tengdust því. Einnig eru til fágætar myndir af sjálfum verslunarhúsunum. Húsið sjálft er að sjálfsögðu nærtækasti vitnisburðurinn um húsakost um tveggja alda skeið og vel það, svo og munir frá ýmsum tímum sem í því eru og tengjast því og íbúum þess og einnig öðrum þáttum úr verslunarsögu Eyrarbakka.

Þetta merka myndefni færir áhorfandann nær hinum gamla tíma en þar sem hér er um kyrrmyndir að ræða er mikilvægt að glæða frásögnina lífi. Það er gert ... með þeim hætti að safnvörður leiðir tvo gesti um Húsið og segir sögu þess með myndum. Með því móti verður framsetning textans í formi munnlegrar frásagnar fremur en eiginlegs þulartexta. Handrit myndarinnar tekur þá mið af því að það er verið að segja textann en ekki lesa.

Handrit myndarinnar var frágengið 13. maí. Þá hófst val leikara og ráðinn kvikmyndatökumaður. Safnstjóri vann að útvegum og skönnun ljósmynda. Myndatökur fóru fram vikuna 19.-25. maí og tókust með ágætum. Marianna Clara Lúthersdóttir leikkona leikur safnvörð. Hún tekur á móti ungum safngestum sem hitta m.a. fyrir íbúa Hússins frá fyrri tíð. Erla Kristín Guðmundsdóttir og Dagur Fannar Magnússon leika safngestina.



Gunnar Páll Júlíusson í hlutverki Ásgríms vikapíls á hanabjálkalofti Hússins.



Sigurgeir Hilmar, Erla Kristín og Dagur Fannar bíða eftir töku.



Jóhannes Jónsson og Andrés Indriðason undirbúa töku.

Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson leikur Finn bókara við Lefolii-verslun, Gunnar Páll Júlíusson leikur Ásgrím Jónsson vikaþilt (síðar listmálara) og Elín Gunnlaugsdóttir tónskáld leikur Guðmundu Níelsen verslunarkonu og tónskáld.

Um hljóð, lýsingu og kvikmyndatöku annaðist Jóhannes Jónsson er rekur fyrirtækið Digi-film á Ísafirði. Jóhannes annaðist síðan klippingu myndarinnar undir stjórn Andrésar Indriðasonar.

Frá því að tökum lauk og til nóvemberloka var með hléum unnið að eftirvinnslu myndarinnar. Á tökutíma var ákveðið að fá Elínu Gunnlaugsdóttur til að semja tónlist við myndina.

Í lok nóvember var heimildarmyndin forsýnd fyrir leikendur myndarinnar.

Töluverður tími safnstjóra og stjórnar safnsins fór í fjármál myndarinnar. Áður en myndatökur hófust var gerð lausleg kostnaðaráætlun. Þá var talið líklegt að heimildarmyndin myndi kosta um 4 milljónir króna. Að mati sérfróðra aðila taldist sú tala ekki raunhæf. Raunhæfari áætlun væri á bilinu 5-7 milljónir króna fyrir 40 mínútna leikna heimildarmynd. Niðurstaðan varð 5,5 milljón króna kostnaður.

Áður er getið styrks Kaupmannasamtaka Íslands og Sveitarfélagsins Árborgar. Í maí var safninu veittur 300 þúsund kr. styrkur frá Þjóðhátíðarsjóði. Menningarsjóður Suðurlands veitti 500 þúsund kr. styrk til myndarinnar í nóvember. Menningarsinnuð fyrirtæki hafa styrkt myndina og gert ráð fyrir sölu á sýningarétti til RUV. Síðar verður heimildarmyndin gefin út á DVD-diski. Í fjármögnunaráætlun er gert ráð fyrir 600 þúsund króna framlagi safnsins sjálfs sem dreifist á árin 2007 og 2008. Ávinningur myndarinnar fyrir kynningu og orðstý safnsins verður ótvírætt mikill og í raun ómetanlegur.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka hefur frá 1. mars 2001 verið rekið af Byggðasafni Árnesinga samkvæmt þjónustusamningi sem upphaflega gildi til ársloka 2002 en hefur með framlagningu og samþykkt fjárhagsáætlana Bæjarstjórnar Árborgar og Héraðsnefndar Árnesinga verið framlengdur frá ári til árs. Góð reynsla er komin á þennan samrekstur og er farinn að verða fyrirmynd annara slíkra samstarfsamninga milli safna og/eða sveitafélaga. Sjóminjasafnið var stofnað og starfrækt af Sigurði Guðjónssyni á Litlu-Háeyri. Hann gaf Eyrarbyggðarsafnið árið 1987 og var Inga Lára Baldvinsdóttir umsjónarmaður safnsins 1987 til 1998. Til Sjóminjasafnsins heyra sýningarhús að Túngötu 59, aðstöðuhús að Þykkvaflöt 2 (Mundakotsskemman) og Beitningaskúr við Eyrargötu. Sjóminjasafninu tilheyrir um 1500 safngripir og um 5000 ljósmyndir.

Snemma árs 2007 var skipt um útidyrasamsæðu á Sjóminjasafninu. Afkomandi Jóns Árnasonar rokkasmiðs í Kalbak á Eyrarbakka, Gylfi



Mundakotsskemman, gjöf Lilju Bjarnadóttur, ekkju Ólafs Guðjónssonar í Mundakoti, til Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka árið 1988. Skemman hýsir bíla og báta og ýmsa stóra safnmuni safnanna á Eyrarbakka.

Guðmundsson frá Húsatóftum á Skeiðum, smíðaði forlata fína hurð og skrifaði eftirfarandi greinargerð um gripinn.

Við aðkomu að safninu á samstæðan að minna gesti þess á mýkt haföldunnar, góðar festur bógsaxanna, krossbönd á reiða, og báða bóga nökkvans. Hún minnir á netaveiði sjómannsins, sýnir veiðikló skipstjórans og vonir hans að hitta á ný, fagra spúsu sína er heima bíður. Kuldalegt húsið minnir á vosbúðina.

Efni í hurðum og karmi er mahony. Þrjár gerðir. Mahony sapele frá Kamerún er í karmi og hliðarhurð, nema í hæðarstykki, næst skrá. Í því er mahony sipo frá Kongó. Í stærri hurðinni eru bæði hæðarstykkinn og spjöld úr mahony hondúras frá Hondúras. Að öðru leiti er hún blönduð sapele og hondúras.

Stærri hurðin var unnin og sett saman á góunni, níttján hundruð níutíu og sjö og geymd ólukt svo. Það var unnið í bílgeymslu að Lyngheiði 16 á Selfossplani. Minni hurðin var unnin á trésmíðavinnustofu að Gagnheiði 19 á Selfossplani á ýli, tuttuguhundruð og sex. Þeim var báðum komið fyrir í gætt safnsins, í fyrstu viku góu, tuttugu hundruð og sjö.

Mundakotsskemma að Pykkvaflöt 2 hýsir stærri gripir beggja safnanna á Eyrarbakka. Um langt árabíl hefur staðið til að klæða að nýju að utan langhliðar skemmunnar. Því var frestað enn eitt árið.

Beitningaskúrinn við Óðinshús var byggður 1925 af Jóhanni Loftssyni og Jóni Jakobssyni. Hann var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka af Bjarna Jóhannssyni um 1990 og gerður upp af Jóni Karli Ragnarssyni trésmíðameistara árin 1990 til 1992. Allsérstæð bátsklæðning er á vesturhlið skúrsins sem sést vel frá Eyrargötunni. Til eru áætlanir um að opna Beitningaskúrinn og er því mikilvægt að vel sé vandað til umhverfis hans.

Til Sjóminjasafnsins bárust gripir frá Vigfúsi Markússyni og Friðriki Erlingssyni.

Í forsal Sjóminjasafnsins var um páskana opnuð sýning á gömlum ljósmyndum úr fórum Þórlaugar Bjarnadóttur annarsvegar og Ásrúnar og Arons í Kauphöllinni hinsvegar. Tilgangur sýningarinnar var tvennskonar, að kynna þessar ljósmyndagjafir og að afla viðbótarupplýsinga um myndefnið. Safnfræðineminn Helene DuPont aðstoðaði safnstjóra við uppsetningu sýningarinnar. Ýmsir gáfu viðbótarupplýsingar um myndirnar og má þar helst nefna Hjört Arnórsson bróðurson Þórlaugar ljósmóður. Fullvíst má telja að ljósmyndir Ásrúnar og Arons megi rekja til vinafólks þeirra frá Eyrarbakka, Guðna Ólafsson apótekara og fjölskyldu hans frá Einarhöfn.

Á safnadaginn 10. júlí bauð Sjóminjasafnið upp á sögugöngu um Eyrarbakka undir leiðsögn Magnúsar Karels Hannessonar fyrrv. oddvita.

Á vegum Sambands íslenskra sjóminjasafna var haldið áfram undirbúningi að gerð sjóminjakorts og fleiri sameiginlegra mála. Markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og erlendra samskipta.

Töluverður tími safnstjóra fór í allskonar umsýslu ljósmynda Sjóminjasafnsins vegna útlána og viðbótarskráningar. Naut safnið þar góðrar aðstoðar Helene



Gylfi og nýju dyrnar.



Einarhafnarhverfið fyrir 1950. Mynd tekin af þaki Vesturbúðarinnar. Mynd úr fórum Ásrúnar og Arons. (Óþ. ljósm)

DuPont sem skráði og aflaði upplýsinga um myndefni ljósmynda Þórlaugar Bjarnadóttur ljósmóður og Arons Guðbrandssonar frá Merkigarði.

Þuríðarþúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu – og Byggðasafni Árnesinga reyndar líka. Gripir Þuríðarþúðar sem flestir fóru á flot í flóðinu mikla 1990 voru skráðir árið 1991 og eru varðveittir í öruggum geymslum safnsins þar sem öryggi þeirra í sjóbúðinni sjálfri telst ekki fullnægjandi. Í lok ársins var Þuríðarþúð lokað þar sem umgengni þar innandyrá þótti ekki við hæfi. Sjóbúðin verður vonandi opnuð að nýju með hækkandi sól.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eignaraðili að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Það er 50% eigandi að rjómaskálanum á móti Búnaðarsambandi Suðurlands. Rjómaskálahúsið er friðlýst samkvæmt lögum sökum menningarsögulegs gildis.

Vænta má breytinga á starfsemi Rjómabúsins á Baugsstöðum. Undanfarna tvo áratugi hefur Samkór Selfoss séð um gæslu á opnunartímum þess um helgar í júlí og ágúst. Nú hefur kórinn verið lagður niður og sátu félagar Samkórsins síðustu vaktirnar í ágúst.

Samskipti við önnur söfn, setur og sýningar

Minjasafnið í Gröf. Safnstjóri beitti sér ásamt fleirum fyrir því að Gísli Sverrir Árnason MPA í opinberri stjórnslu, væri fenginn til að gera greinargerð um stöðu og æskilega framtíð Minjasafnsins í Gröf. Greinargerð Gísla Sverris var lögð fram í apríl verður væntanlega nýtileg við endurskoðun safnamála.

Bátasetur í Þorlákshöfn. Um nokkurra ára skeið hafa verið uppi hugmyndir um bátasetur í Þorlákshöfn þar sem bátasafn Þjóðminjasafns Íslands yrði uppistaðan. Í október fór safnstjóri yfir uppkast að samningum um Bátasetrið, annarsvegar milli Byggðasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Ölfus um rekstur og hinsvegar milli Byggðasafns Árnesinga og Þjóðminjasafns Íslands um langtímalán á bátum og bátavélum. Málið er í biðstöðu.

Tónminjasetur Íslands ses. Þann 5. mars skrifaði safnstjóri undir samkomulag við systurnar Þuríði og Önnu Sigríði Pálsdætur um formlega afhendingu safns Páls Ísólfssonar til Byggðasafns Árnesinga, þó með þeirri eðlilegu kvöð að ef kæmi til stofnunar höfuðsafns í tónminjum eða tónlist myndi safnið afhendast þangað. Byggðasafn Árnesinga tók við safnkosti og sýningakerfi Tónminjaseturs Íslands haustið 2005.

Minjasafn Kristjáns Runólfssonar í Hveragerði.

Byggðasafn Árnesinga kom nokkuð að málum þegar slæm fjárhagsstaða Minjasafns Kristjáns Runólfssonar í Hveragerði komst upp á yfirborðið. Um vorið lögðust góðir menn á árar með Kristjáni um að bjarga fjárhag safnsins með styrkjum og framlögum en í september



Sr. Anna Sigríður og Þuríður Pálsdætur ásamt safnstjóra að lokinni undirskrift samkomulags um varðveislu safns Páls Ísólfssonar.



Kaffispjall um safnamálefni í Kelvinstone-höll, lista- og minjasafninu í Glasgow. Frá vinstri Margrét Hallgrímsdóttir, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, Eiríkur Þorláksson, Sigríður Sigrðardóttir og Lýður Pálsson.

varð staðan orðin sú sama og um vorið. Lausnin varð sú að Kristján hætti rekstri safnsins og seldi einum aðila safnmunina. Lítur út fyrir að safnið, sem að mestöllu leyti eru úr Skagafirði, verði hluti af Byggðasafni Skagfirðinga.

Þjóðminjasafn og Safnaráð. Sem áður veitti Þjóðminjasafn Íslands margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf.

Á sviði stjórnsýslu og safnalaga er Safnaráð sá aðili sem safnið hefur mest samskipti við. Safnaráð, sem er á fjárlögum sem ríkisstofnun, sér um að úthluta lista-, náttúru- og minjasöfnum rekstrar- og verkefnastyrkjum. Góð samskipti eru jafnframt við Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins þar sem safnstjóri er varamaður. Samskipti ágæt eru einnig við sérfræðinga Lista- og safnadeildar Menntamálaráðuneytisins.

Önnur samskipti áttu sér stað á margvíslegum vettvangi við söfn, hérlandis og erlendis, og fólust einkum í tölvupóstsamskiptum og sömuleiðis heimsóknum, skipulögðum og óskipulögðum.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Þann 13. mars sat safnstjóri samráðsfund forstöðumanna byggðasafna um hlutverk, ímynd, samtímavarðveislu og árangursmat á byggðasöfnum.

Þann 14. mars sat safnstjóri málþing Safnaráðs um rafrænt aðgengi að menningararfi og náttúruminum.


Dagana 15.-16. mars sat safnstjóri námskeiðið *Skráning safngripa: Mikilvæg undirstaða safnastarfs*. Námskeiðið var haldið af Endurmenntunarstofnun HÍ

og FÍSOS. Á námskeiðinu var fjallað um grunnatriði skráningar og mikilvægi staðlaðrar skráningar í safnastarfi. Einnig var athyglinni beint að því hvernig þessar upplýsingar eru nýttar af fræðimönnum og þær gerðar aðgengilegar fyrir almenning. Hugað var sérstaklega að skráningu listaverka, náttúrugripa, muna og ljósmynda og farið í vettvangsferðir þar sem m.a. voru kynntir þeir gagnagrunnar sem mest eru notaðir við skráningu í íslenskum söfnum.

Þann 28. mars fór safnstjóri á aðalfund Rekstrarfélags Sarps.

Safnstjóri fór á árlegan Farskóla Félags íslenskra safna og safnamanna sem í fyrsta skipti var haldinn utan landsteinana og haldinn í borgunum Glasgow og Edinborg í Skotlandi dagana 17. til 21. september. Markmið farskólans að þessu sinni var að kynna öflugum safnastarfi í þessum borgum. Voru mörg söfn skoðuð undir leiðsögn skoskra safnamanna sem fræddu um safnastarfið bæði ytra og innra. Heimsóknir voru farnar í Kelvinstone-höll (Lista- og munasafn Glasgow), Glasgow Museum Resource Centre – þjónustuhús 14 safna í Glasgow, Pollok-húsið, Peoples Palace sem er félagssögusafn og Þjóðminjasafn Skotlands í Edinborg. Farskólinn tókst mjög vel og jók sjóndeildarhring íslenskra safnamanna.

Í október var gefin út skýrsla um námskeiðið „Þá ný kurs – ferjereise og seminar“ sem safnstjóri sat í ágúst 2006 um skráningu samtímamínja.



Úr GMRC þjónustuhúsi minjasafna Glasgowborgar. Miðstöðin hefur tvennskonar hlutverk. Hið fyrra er að varðveita, rannsaka, pakka og forverja fyrir þessi 14 söfn gripi af öllu tagi hvort sem það eru listgripir, safnmunir, fornminjar og náttúrugripir. Miðstöðin þjónustar sýningar sem söfnin setja upp hverju sinni hvað varðar hreinsun, viðgerðir og ástandsmat gripa. Seinna hlutverkið er að efla tengsl safna við almenning með því að halda húsinu opnu að stórum hluta þannig að almenningur fær að skoða geymslurnar undir leiðsögn safnvarða.

Safnstjóri var meðhöfundur ásamt flestum öðrum þátttakendum námskeiðsins.

Um haustið hélt safnstjóri fræðsluerindi um verslun í Árnæssýslu á átthaganámskeiði Flóans hjá Fræðsluneti Suðurlands.

Í nóvember flutti safnstjóri erindi um skipulagssögu Eyrarbakka fyrir nemendur Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Í desember var erindið einnig flutt á ensku fyrir nemendur *The university of east-London* sem gerðu verkefni um skipulag Eyrarbakka í námi sínu.

Safnaklasi Suðurlands

Upphaf Safnaklasa Suðurlands má rekja til tveggja funda sem sunnlenskir safnamenn voru boðaðir á 26. mars og 12. apríl. Fundirnir voru haldnir að undirlagi SASS og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands til að kynna Vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja en aðilar samningsins eru m.a. Iðnaðarráðuneytið og sveitarfélög á Suðurlandi, auk nokkurra öflugra fyrirtækja á Suðurlandi. Tilgangur samningsins er að treysta samkeppnishæfni þeirra svæða sem glímt hafa við neikvæða íbúaþróun og einhæft atvinnulíf. Á fundunum var þeirri spurningu velt upp hvaða verkefnum brýnast væri að safnafólk á Suðurlandi ynni saman að á komandi árum. Niðurstaða þeirrar víðu spurningar var sú að myndaðir voru fimm áhersluhópar. Áhersluhópar um kynningarstarf, fræðslu, viðburði, samstarf og ímynd.

Í kjölfar síðari fundarins var ákveðið að boða áhersluhóp um kynningarmál saman til að sækja um fjármagn í Vaxtarsamning Suðurlands og þróuðust mál þannig að safnstjóri varð formaður verkefnisstjórnar Safnaklasans. Á fundi sem hópurinn hélt í maí var gengið frá umsókn í Vaxtarsamning Suðurlands til að gera bækling um sunnlensk söfn, sýningar og setur og stuðla að almennu samstarfi safna á Suðurlandi. Jákvætt svar barst frá stjórn Vaxtarsamningsins í byrjun júlí og fyrir stuðning samningsins var Gísli Sverrir Árnason ráðinn ráðgjafi Safnaklasa Suðurlands.

Ráðgjafi og verkefnisstjórn fóru rösklega af stað. Frá september til ársloka var farið í átta kynnis- og fundarferðir um Suðurland til að kynna sunnlensku safnastarfi og til að kynna gerð bæklinga og mótun sameiginlegrar stefnu. Niðurstaðan varð nær 100% þátttaka í bæklingi um sunnlensk söfn sem kemur út í lok mars 2008 og er með handhægar upplýsingar um 60 söfn, sýningar, setur, bókasöfn og fjölskyldugarða á Suðurlandi. Unnið var að gerð stefnu fyrir söfn á Suðurlandi og í bígerð er að virkja fleiri hóp innan safnaklasans til afmarkaðra verkefna sem vænta má að sækji um í Vaxtarsamning Suðurlands og Vestmannaeyja. Í raun er Safnaklasi Suðurlands gott dæmi um vel heppnað klasaverkefni þar sem tekist hefur að fá marga aðila til að vinna að sameiginlegu markmiði á sviði kynningar og samvinnu.



Verkefnisstjórn Safnaklasa Suðurlands stödd á Nýpsstað í september 2007. Á myndinni eru Margrét I. Ásgeirsdóttir, Lýður Pálsson, Barbara Guðnadóttir og Steingerður Hreinsdóttir. Einnig er í stjórninni Martina Pötzsch frá Skógasafni. Menningarráðgjafinn Gísli Sverrir Árnason tók myndina.

Eins og staðan er núna er Safnaklasi Suðurlands grasrótarsamtök sem njóta stuðnings og styrkja sjóða á vegum Sambands sunnlenskra sveitarfélaga. Um þróun safnaklasans á komandi árum verður tíminn að leiða í ljós.

Kynningarmál

Á stjórnarfundum safnsins þann 6. júní 2006 var samþykkt að fela Friðriki Erlingssyni að hrinda í framkvæmd hugmyndum að nýju kynningarefni fyrir söfnin. Er í nýja kynningarefninu varpað ljósi á einstaka safnmuni innan safnanna í stað þess að kynna safnið sem heild án innihaldslýsingar.

Meginþemað er: „Þetta verð ég að sjá!“ Gerðar voru fimm mismunandi auglýsingar þar sem merkir gripir safnsins voru kynntir með viðeigandi hætti: Húsið, píanóið, sjal úr mannshári, tólfróni teinæringurinn Farsæll og Gullfoss-bollastellið.

Í árslok 2007 var búið að hanna fimm auglýsingar í tveimur stærðum og einnig í enskri þýðingu. Jafnframt er í vinnslu nýr bæklingur um Húsið og söfnin á Suðurströndinni. Hönnuður er Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir grafískur hönnuður.

Helstu tölur ársreiknings 2007

Rekstrartekjur

	þúsund kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag 2007	15.550
Héraðsnefnd Árnesinga, aukaframlag	3.600
Safnasjóður, rekstrarframlag 2007	2.400
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	3.450
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	863
Tekjur og framlög fornleifadeildar (m. UHH)	6.629
Heimildarmynd um Húsið, styrkir og framlög	2.500
Aðrir styrkir og framlög	323
	35.315

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	11.255
Annar rekstrarkostnaður	7.282
Kostnaður við fornleifaskráningu og UHH	6.786
Kostnaður við gerð heimildarmyndar	4.412
	29.735
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	5.580
Vextir og verðbætur	-1.985
Hagnaður	3.595

Húsinu, 19. mars 2008,

Lýður Pálsson
safnstjóri

Árnessýsla Folk Museum - Annual Report 2007 (Abstract)

This annual report deals with the activities of the Árnessýsla Folk Museum and the Maritime Museum at Eyrarbakki in 2007.

The Árnessýsla Folk Museum is owned and run by the Árnessýsla Regional Board, a joint body of local authorities in Árnessýsla which operates a number of museums, etc. The Museum opened in 1964 in Selfoss, and re-opened in 1995 in Húsið at Eyrarbakki. The Eyrarbakki Maritime Museum, which opened in 1987, is owned by the community of Árborg, but has been run by the Árnessýsla Folk Museum since 2001.

The Árnessýsla Folk Museum's exhibition facilities are in Húsið (The House) at Eyrarbakki, one of Iceland's oldest buildings. Built in 1765, it was the home of merchants and employees of the Eyrarbakki merchant company until 1926, and was nationally renowned as a centre of cultural activity. Great emphasis is placed on this history; exhibitions in the House focus on various aspects of local history, and especially the role of Eyrarbakki as a trading centre.

The Maritime Museum is located a short distance east of the House. Its most important exhibit is the fishing-boat Farsæll, built at Eyrarbakki in the early 20th century, as the age of fishing from rowing-boats drew to a close. The Maritime Museum exhibition focuses on the history of the rowing-boat fishery and various aspects of local cultural history.

The Museum's other facilities are at Hafnarbrú 3, Eyrarbakki, in a 420m² building constructed for the museums in 2002. This houses the museum offices, conservation facilities and storage.

The activities of the Árnessýsla Folk Museum were vigorous in 2007. Research is carried out at the Museum on the objects in the Museum's collection, and everything related to the origins of such objects. In 2007 the museums registered 80 new acquisitions and 90 photographs.

At year-end 2007, the Sarpur database included 5,278 objects at the Árnessýsla Folk Museum and the Eyrarbakki Maritime Museum. The photographic catalogue of Sarpur included 5,496 photographs at the museums.

Exhibitions during 2007 included three short-term exhibitions. The dining room of the House serves as an exhibition gallery for short-term exhibitions, while a wall in the vestibule of the Maritime Museum is also used for short-term exhibitions.

The first exhibition of 2007 was a school project on Milk production.

The summer exhibition in the Dining Room was The Royal Visit 1907. In 1907, Frederik VIII, then king of Denmark and Iceland, visited this country. It was the second time a Danish king had set foot upon Icelandic soil, and no effort was spared to make the event memorable. A large retinue of courtiers, parliamentarians, journalists and officials came with him. No expense was too great: roads were laid and bridges and houses were built to make the king's visit comfortable. In the beginning everyone in the king's retinue rode white

horses, collected from all over the country for the event. Sheriffs and officials had new uniforms sewn for the occasion. After a short stay in Reykjavík the party went to the ancient assembly site at Þingvellir, where there was a banquet in the king's honour. Then they went on to visit Geysir and Gullfoss and on to the bridge over the river Þjórsá, where the king visited an agricultural show, stopping at farms along the way and meeting with farmers. The king rode an Icelandic horse throughout the trip, even though carriages were provided, also imported for this great event. People everywhere laid down their work and travelled long distances to see the king. At Selfoss there was a large reception organised by the merchant here at Húsið, J.P. Nielsen, himself a former lieutenant in the Danish Royal Guards. The exhibition comprised a collection of photographs of the visit, along with an old Sheriff's uniform cap, bridle bit and sword, and the washbasin and chamber pot the king used while staying the night at the vicarage of Arnarbæli.

The vestibule of the Maritime Museum housed an exhibition of two old collections of photographs which had recently been donated to the Museum and had not yet been analysed. One collection belonged to midwife Þórlaug Bjarnadóttir of Eyrarbakki, the other to Aron Guðbrandsson, born at Eyrarbakki in 1903, who was Iceland's first Icelandic stockbroker.

The Museum also participated in various events and programmes. For the Árborg Spring Festival, Vorskipið kemur, the Museum opened new exhibitions and held a musical programme, and an Icelandic wrestling group performed in the garden of the House. In the Drawing Room of the House the Selfoss Drama Society performed *A Marriage Proposal*, a one-act play by Chekhov. The Museum also took part in the Midsummer Day festival at Eyrarbakki, and Icelandic Museums Day, on the second Sunday in July. The Museum holds a Christmas exhibition each year, which includes the oldest extant Christmas tree in Iceland, made in 1873.

In 2004 the Árnessýsla Folk Museum undertook cataloguing of heritage sites in the region, and this activity has grown from year to year. Heritage sites were catalogued on farms in the community of Árborg; in addition a number of sites were catalogued in connection with prospective development projects. The Museum was also involved, along with other bodies, in archaeological excavation on a deserted farm site at the foot of the Mt. Hekla volcano. At the beginning of the year the Museum started to participate in a Leonardo project.

The largest project undertaken by the Árnessýsla Folk Museum in 2007 was the production of a dramatised documentary film about the House at Eyrarbakki. Most of the production costs of the 45-minute documentary costs were raised thanks to the generous support of various organisations, businesses and cultural funds. The film tells in visual terms the history of this old building and of commerce at Eyrarbakki, and shows what goes on in the House today. The screenplay is by writer/filmmaker Andrés Indriðason, who also directed. The film cost about ISK 5.5 to make. The largest sponsor was Kaupmannasamtök Íslands (Retailers' Association), which contributed ISK 2 million. The film was completed in November, and offered to RÚV State TV at the end of the year. The film is also to be issued on DVD.

The museum curator participated in the formation of Safnaklasi Suðurlands, South Iceland Heritage, a grassroot organisation of people working in the heritage/museum sector in South Iceland.

The museums were open at weekends in April, May, September and October, and daily in June July and August from 11 am to 5 pm, and at other times by arrangement.

In 2007, visitors to the museums numbered 5,250, one quarter of whom were from abroad.

Director of the Museum is historian Lýður Pálsson.

Archaeologist Margrét Hallmundsdóttir is also employed full-time at the Museum.

A total of nine people are on the payroll, most part-time.

Turnover of the museums in 2006 totalled ISK 35 million.